


Í VMA er skýjaprentun!


Til að nota kerfið þarf að fylgja eftirfarandi leiðbeiningum.

- 1) Fara inn á <https://vma.eu.uniflowonline.com>
- 2) Veljið „Continue with Menntaský HÍ“



- 3) Næst þarf að skrá sig inn á kerfið. Hér á að nota VMA pósthfangið og lykilorðið fyrir það

- 4) Veljið „Start Printing“ í hliðarglugganum. hér er hægt að sækja svokallaðan „Smart Client“ sem sér um prentun. Veljið þann SmartClient sem hentar fyrir þína tölvu, Windows eða Mac. *ATH að linux notendur þurfa að nota chrome extension til þess að geta prentað út*



- 5) Setjið upp forritið með því að keyra skrána sem var sótt. Ef tölvan er tengd kerfum VMA þá er þetta ferlið ósýnilegt og tekur um 30 sekúndur. Eftir það birtist prentroð sem heitir VMA Prentun. Hægt er að senda prentverk á þá prentroð og sækja svo verk á alla prentara sem eru tengdir nýja kerfinu. Þeir sem eru með einkatölvu þurfa að skrá sig handvirkt inn með pósthfanginu sínu. Það ferli er nákvæmlega það sama og í skrefi 2 og 3
- Athugið að stundum koma upp viðvaranir frá Windows þegar forritið er uppsett. Það má einfaldlega ýta á OK þegar það kemur upp**
  - Einnig gæti verið að vafri reyni að hindra niðurhaldið, það er mismunandi eftir vafra. Í Edge þarf t.d. að velja „Keep“.**
- 6) Nauðsynlegt er að endurræsa vélina eftir uppsetningu.
- 7) Svo þarf að sækja pin. Vanalega er pin sent í þann tölvupóst sem var notaður til að skrá sig inn á vefsíðuna. Ef svo var ekki er hægt að finna Pinnið eða búa til nýtt á vefsíðunni <https://vma.eu.uniflowonline.com>.
- 8) Þar er hægt að fara í **dashboard** í hliðarglugganum og finna þar kassa sem heitir „Identities“. Þarf er hægt að ýta á **þrjá punkta** við **Pin** til að sjá það.
- 9) Einnig er hægt að búa til nýtt Pin með „New Identity“.
- 10) Svo þarf bara að nota Pinnið til þess að skrá sig inn á prentarann. Það viðmót er óbreytt frá eldra kerfi.

Fyrir þá sem eru með kort og vilja nota það til þess að skrá sig inn á prentarann þarf að nota svo kallað Card Registration Code. Það var sent á sama tíma og pinnið og hægt er að búa til nýtt á sama máta og með pin.

Leggja þarf kortið að lesaranum. Prentarinn mun þá biðja um Card Registration Code. Sláið það inn. Við þetta er kortið bundið við aðganginn og hægt er að nota það til að skrá sig inn á prentarann.